



Fréttabréf

Annað fréttabréf EXTOR verkefnisins (2023-1-IT01-KA220-VET-000154283 - Experiential tourism for sustainable rural development) er helgað því að efla sjálfbæra þróun landsbyggðarinnar með því að stuðla að nærandi ferðamennsku, stuðla að umhverfisvernd, auka færni frumkvöðla með þjálfun og tengslastarfi til að mæta breyttum samfélagslegum og efnahagslegum þörfum.



Fræðilegur Rammi EXTOR komin út!

Fræðilegi ramminn (**Common Framework for VET Renewal in Rural Tourism**) byggir á þarfagreiningu frá Ítalíu, Spáni, Kýpur, Austurríki, Grikklandi og Íslandi. Markmiðið var að greina stefnur, fyrirmyndir, áskoranir og gloppur í framboði á starfsmenntun (VET) fyrir ferðapjónustu í dreifbýli.

Niðurstöðurnar sýna að þörf er á að bæta færni á sviði **stafrænnar markaðssetningar og sjálfbærrar ferðamennsku**. Eftirspurn eftir **sérhæfðri starfsmenntun og fjármögnun** sem styður við græna og stafræna þróun í ferðapjónustu.

Ramminn veitir yfirliti yfir **EXTOR þjálfunina**, sem hönnuð er til að mæta þörfum frumkvöðla og fagfólks í ferðapjónustu í dreifbýli. Ramminn inniheldur sérsniðna námskrá sem miðar að því að auka færni einstaklinga og styðja við fræðsluaðila, og bjóða upp á þjálfun sem svarar þörfum ferðapjónustunnar.



Þarfagreining: Gögnum var safnað rá 124 frumkvöðlum í ferðapjónustu og 36 fræðsluaðilum (VET), ásamt gagnaöflun um lagaumhverfi, stuðningsumhverfi og tækifærum til **fjármögnunar**.



EXTOR Gagnvirkir Kort: Kynnir 19 fyrirmyndir að sjálfbærum verkefnum í ferðapjónustu í dreifbýli frá samstarfslöndum, með áherslu á sjálfbærni, grænar lausnir og notkun stafrænnar tækni.



EU aðlögun: Ramminn styður við færni og samræmist stefnum Evrópusambandsins um byggðapróun og Heimsmarkmiðunum Sameinuðu Þjóðanna, markmiðið að styðja við langtímaþróun greinarinnar.



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.




EXTOR Þjálfunin - Í undirbúningi!

EXTOR þjálfunin miðar að því að auka færni frumkvöðla og fagfólks í ferðaþjónustu í dreifbýli. **Námskeiðið er 40 klst. sjálfsnám og samanstendur af sex námsþáttum (LU - Learning Units) fyrir ferðaþjónustu í dreifbýli, sjálfbærni, stafræna markaðssetningu og myndbandsgerð.** Blandað nám eykur sveigjanleika og aðgengi til að yfirstíga landfræðilegar hindranir til að mæta fjölbreyttum námsþörfum.

Námsþættirnir veita bæði innsýn í stefnumótun og hagnýt verkfæri. Farið er yfir grunn hugmyndir og áskoranir ferðaþjónustu í dreifbýli, bæði í nærumhverfi og Evrópu (LU1), því er fylgt eftir með dæmisögum um sjálfbæra og nærandi ferðaþjónustu (LU2) og hagkvæmri og vistvænni ferðaþjónustu (LU3). Stafræn færni er styrkt með þjálfun í markaðssetningu og stafrænivæðingu (LU4), auk grunnatriða í gerð kynningarmyndbanda (LU5). Í síðasta námsþættinum (LU6) er farið yfir tækifæri í fjármögnun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í heimalandinu og innan Evrópusambandsins.

Þjálfunin verður aðgengileg ókeypis á EXTOR-vefnum á sjö tungumálum og verður **prófuð með þátttakendum í starfsmenntun til að tryggja notagildi og áhrif.**



Boð um að taka þátt í tilraunakennslunni?

Samstarfsaðilar tilraunakenna EXTOR þjálfunina með **120 VET þátttakendum og 30 VET fræðsluaðilum í 6 Evrópulöndum**, með blönduðu námi.

Tilraunakennslan mun nýtast í til að aðlaga EXTOR þjálfunina að notendum og fræðsluaðilum og styðja við sjálfbærni hennar og notagildi í framtíðinni.

Hafðu samband við samstarfsaðila í þínu heimalandi ef þú vilt taka þátt.

**Samstarfsaðilar tryggja einstaklingsbundna þjálfun og stuðning við þátttakendur.*



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.



Samfélagskaffi í Palermo, Sikiley

Sjálfbær ferðapjónusta: endurhugsum ferðalög til að stuðla að sjálfbærri framtíð.

Sjálfbærnikaffið var skipulagt af Impresa Sociale Land, fyrir frumkvöðla og starfsmenn í ferðapjónustu með áhuga á endurhugsa aðferðir sínar út frá sjónarmiðum sjálfbærni. Markmið og nálgun Samfélagskaffisins er að skapa rými til að skiptast á hugmyndum, byggja upp tengsl, og ræða hvernig má þróa ferðapjónustu sem er bæði sjálfbær og samfélagslega ábyrg. Þátttakendur ræddu nýjustu strauma í ábyrgri ferðapjónustu, kosti og áskoranir tengdar sjálfbærni, verkfæri og aðferðir til að auka sjálfbærni bæði í ferðapjónustu í þéttbýli og dreifbýli.



Innsýn þátttakenda (fagfólks og sérfræðinga) var innblástur sem nýttur verður til að draga úr neikvæðum áhrifum ferðapjónustu og stuðla að samfélagslegri ábyrgð og upplifun í ferðapjónustu.



Sjá nánar á EXTOR vefnum: <https://extor-project.eu>.

Ekki missa af nýjustu afurðum verkefnisins, fylgdu okkur á [Facebook](#) og [Youtube](#)